

Nr. 036 / 14 Birtingur NK 124***Leiðari fer í skrúfunu, slitnar og slasar skipverja***

Skipaskr.nr. 1293 IMO nr. 6821638
Smíðaður: Þrándheimi Noregi 1968, stál
Stærð: 949 brl. 1467,6 bt.
Mesta lengd: 67,47 m Skráð lengd: 61,17m
Breidd: 10,9 m Dýpt: 8,05 m
Vél: Caterpillar 5420 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 12



Börkur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. apríl 2014 var Birtingur NK 124 á kolmunnaveiðum um 75 sml SSV af Færeyjum. Veður: A 12 -14 m/sek.

Verið var að taka flottrollið og unnu skipverjar að því að leysa pokann frá belgnum. Þegar búið var að lása leiðurum bæði í rússann og stertinn náði skrúfan í leiðara stertsins svo hann og lásinn skutust fyrir borð. Leggurinn úr leysinu, sem sterturinn hékk ennþá í, slitnaði og sterturinn með króknum og leggnum slóst í hægra læri skipverjans sem vann við þetta.

Eftir skoðun og í samráði við lækni var ákveðið að halda áfram veiðum en slasaði fór í koju og var frá störfum það sem eftir var túrsins. Við komu til hafnar leitaði hann lækni þar sem fram kom að vöðvar í lærinu höfðu rifnað.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að pokinn hefur verið leystur frá belgnum er hann dreginn fram á miðsíðu til að dæla aflanum úr. Þetta er gert með leiðurum, frá vindum á framskipi, sem lásaðir eru í rússann og stertinn;
- að úr leysi á belgnum er leggur úr dynex tógi með lokuðum krók (7/8) sem kræktur er í stertinn á meðan verið er að toga. Þegar pokinn er dreginn fram á miðsíðu er sterturinn losaður úr króknum eftir að leiðaranum hefur verið lásað í stertinn;

- að leiðurunum þarf að koma út og aftur fyrir stjórnborðgálgann áður en þeir eru lásaðir í rússann og stertinn og þá lafa (hanga) þeir utan við stjórnborðsskuthorn;
- að sögn slasaða var í þetta skipti rússanum komið fram og út fyrir gálgann og þar lásað í leiðarann. En leiðaranum fyrir stertinn var komið aftur fyrir, eins og venjan var, og slaki hans dreginn yfir nál á trollþilfarinu þar sem bakstroffurnar lágu þá yfir. Til að tryggja að leiðarinn væri ekki undir bakstroffunum var leiðarinn tekinn af nálinni og án þess að tekið væri eftir því rann slakinn út. Áður en endinn fór út af skutnum sagðist slasaði hafa gripið endann og lásað í stertinn. Þegar hann svo ætlaði að losa stertinn úr króknum greip skrúfan í leiðarann.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til gáleysis að láta lausa enda liggja fyrir borð.